



Dagskrá

3. fundur haldinn í ráðhúsi Borgarbyggðar 20. maí klukkan 18:15

Mættir voru: Bragi, Guðrún, Sigríður, Bjarni og Sigurður.

1. Sambandsstjóri setur fundinn
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
3. Formannafundur UMSB

Rætt um hvaða tímasetningar á fundum henta best? Vorfundurinn kannski á erfiðum tíma? Er betra að hafa fundina í september og janúar?

Hvað viljum við ræða:

Um styrki frá Borgarbyggð til aðildarfélaganna sem eru of lágir, það þarf að rökstyðja og ræða hvers vegna þetta þyrfti að hækka.

Hvernig viljum við sjá niðurstöður úr þessum fundum? Er þetta kannski fyrst og fremst umræðufundur?

Reyna að hvetja félögin til þess að stuðla að og vinna í að hvetja iðkendur og foreldra til þess að taka þátt í Unglingalandsmótinu, hefur mikið verið á ábyrgð UMSB.

Hvernig er hægt að styðja við og efla smærri deildirnar? Sameiginlegir þjálfarar, væri hægt að stofna ráð eða sameiginlegan vettvang til þess að léttu undir í starfinu hjá þessum deildum?

Væri til bóta/einföldunar að leggja niður félög og sameina.

Stefnum á að hafa hópavinnu og reyna að fá sameiginlegar niðurstöður úr fundinum.

Fundurinn verður auglýstur miðvikudaginn 19.júní klukkan 20:00

4. Umræður um breytingu á lögum UMSB

Væri rétt að vera með kynjakvóta í stjórn og nefndum innan UMSB? Væri spurning um að setja fram tillögu á sambandsþingi að setja inn viðmið eða reglur varðandi þetta.

5. Önnur mál